

Á undanförunum árum hefur orðið mikil aukning á hjólreiðafólki á höfuðborgarsvæði Íslands. Með tilkomu aukinnar umferðar hjólreiðafólks hefur líka orðið aukning í fjölda slysa meðal hjólreiðamanna, en miklar líkur eru samt á því að fjöldi þessara slysa er stórlega vanmetin. Umferðaslysaskráning á Íslandi byggist að mestu leyti á lögregluskýrslum og verktökum tryggingafélaganna og því eru slys þar sem engin önnur ökutæki eiga í hlut af árekstrinum/slysinu lítið eða ekkert tilkynnt.

Hjólreiðar hafa ekki bara aukist í þéttbýli heldur hefur líka orðið talsverð aukning í fjölda hjólreiðafólks sem hjólar á þjóðvegum landsins. Aukningu í fjölda hjólreiðafólks sem hjólar á þjóðvegum má að öllum líkindum rekja til tveggja þátta:

- Aukningu í fjölda ferðafólks sem heimsækir Ísland
- Aukningu í fjölda hjólreiðakeppna á Íslandi

Það hefur verið mikil fjölgun á ferðafólki sem heimsækja Ísland undanfarin ár og þótt hlutur reiðhjóla sé ekki mikill meðal þeirra (1.3 %) þá má áætla að þeir sem notist við hjól sem samgöngur í ferð sinni, hjóli meira en minna á þjóðvegum landsins. Einnig hefur færst í vöxt að hjólreiðakeppnir séu haldnar á þjóðvegum landsins. Þá eru keppnir eins og t.d. WOW, Bláalónsprautin og Gullni hringurinn allt keppnir sem fara fram á þjóðvegum. Hjólakeppnirnar standa yfirleitt stutt yfir og því ætti álag á þjóðvegina að vera stutt á meðan keppninni stendur. Þó má áætla að stór hluti þeirra sem taka þátt í slíkum hjólreiðakeppnum hjóli á þjóðvegum landsins á undirbúningstímabilinu.

Undanfarið hefur verið lögð meiri áhersla á hjólainnviði, hjólaslys og greiningar á þeim. Í flestum tilfellum eru hjólreiðaslys skoðuð með tilliti til „meðalhjólreiðamanneskju“ en þau hafa ekki verið skoðuð sérstaklega með tilliti til keppnishjólreiðafólks. Lítið er þó vitað um hina meðal keppnishjólreiðamanneskju á Íslandi, einnig er lítil þekking á því hvernig keppnishjólreiðafólk á Íslandi upplifir öryggi sitt á þjóðvegum almennt og á meðan hjólreiðakeppni stendur. Einnig skortir upplýsingar um fjölda slysa í dreifbýli á meðal hjólreiðafólks.

Markmið verkefnisins er að:


- Meta við hvaða aðstæður hjólreiðafólk, sem hjóla á þjóðvegum landsins, vilja hjóla og við hvaða aðstæður þeim finnst öryggi sínu ógnað.
- Leggja mat á hvaða þættir geta haft áhrif á óhöpp/slys á meðal hjólreiðamanna sem hjóla á þjóðvegum landsins með því að styðjast við gögn frá keppendum í helstu hjólreiðakeppnum landsins.
- Leggja mat á fjölda óhappa/slysa á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins, bæði í keppnum sjálfum sem og á undirbúningstímabili.
- Skoða fyrirkomulag umferðaröryggis í stærri hjólreiðakeppnum héraendis og hvort það sé sambærilegt við fyrirkomulag í stærri hjólreiðakeppnum erlendis.
- Meta hvað megi betur gera/hvað sé vel gert til að tryggja öryggi hjólreiðafólks í hjólreiðakeppnum á þjóðvegum landsins.

Þessi rannsókn byggir á gögnum sem voru fengin með því að senda spurningalista á hjólreiðafólk sem tók þátt í Bláalóns þrautinni og WOW Cyclothon. Spurningalistinn er byggður á samskonar spurningalista sem sendur var á keppendur í stórrí hjólakeppni í Svíþjóð.

Erfitt er að segja til um nákvæmt úrtak þar sem í mörgum tilfellum gæti spurningalistinn hafa ratað í hendur á sömu manneskju (ef sú manneskja tók þátt í fleiri en einni keppni). Einnig er erfitt að segja til um nákvæmt svarshlutfall af sömu ástæðu en einnig vegna þess að ekki var unnt að fá aðgang að netföngum keppenda frá mótshöldurum.


Í Bláalónsprautinni var listinn ekki sendur út á netföng keppenda en var auglýstur á heimasíðu keppinnar. Það voru um 480 aðilar sem svöruðu.

Af þeim sem svöruðu könnuninni voru um 72% karlmenn og meðalaldur þeirra var 43 ár. Á meðal þeirra kvenna sem svöruðu spurningalistanum var meðalaldurinn 40 ár. Flestir þeirra sem svöruðu álfita sig sem venjulega hjólreiðamanneskju eða 52% og um 44% þeirra álfita sig sem keppnishjólreiðamanneskju. Þegar skoðað er hvernig hjólreiðafólkið upplifir það að hjóla á þjóðvegum eru flestir sammála um það að það sé hættulegt að hjóla í dreifbýli á meðan flestum finnst öruggt að hjóla í þéttbýli.



Mynd 1: Upplifun af hjólreiðum í dreifbýli vs. þéttbýli

Hvað varðar gerðir vega þá eru flestir sammála um það að það sé hættulegt að hjóla á þjóðvegi 1 án vegaxla. Aðspurðir hvað það er sem hjólreiðafólk upplifir að sé hættulegt fyrir þau, voru flest sammála um það að vöruflutningabílar og rútur skapi hvað mesta hættu. Ökumenn sem taka fram úr of nálægt var einnig nefnt sem þáttur sem skapar hættu sem og lausamöl á götu.




Mynd 2: Þættir sem hjólreiðafólk upplifir að skapi hættu fyrir þau við hjólreiðar í dreifbýli.

Aðspurð er flest hjólreiðafólk sammála því að breiðari vegir/vegaxlir eða sér hjólastígar gætu bætt aðstæður fyrir hjólreiðar í dreifbýli. Einnig voru um 17% sem töldu að hreinsun á malbiki og betri fræðsla til ökumanna um hvernig eigi að taka fram úr hjólreiðafólki gætu hjálpað.

Hvað varðar slys almennt þá höfðu um 35% svarenda lent í slysi eða óhappi við hjólreiðar í dreifbýli. Af þeim höfðu einungis 13% slysanna verið tilkynnt til lögreglu. Flestir jöfnuðu sig nokkuð fljótt á áverkunum en einhverjir hlutu varanlegan skaða. Af þeim slysum sem hjólreiðafólkið hafði lent í var fallslys alvarlegasta slysið í 70% tilvika. Þetta rímar við skýrslu sem gefin var út í Svíþjóð og sýnir að áttunda hver hjólreiðamanneskja sem slasast, slasast í fallslysi. Ennfremur sýnir sú skýrsla að 7 af hverjum 10 slysum með alvarlegum áverkum hljóttast í fallslysum, þar sem lélegt viðhald og hönnun göngu og hjólastíga voru helsta orsök slysanna (54% samtals).

Hvað varðar hjólreiðakeppnir þá upplifir 51% hjólreiðafólk að öryggi þeirra í hjólreiðakeppnum sé gott. Þegar spurt var að þáttum sem því finnst megi bæta í hjólreiðakeppnum þá eru flestir sammála því að það þurfi að loka vissum vegum/götum (36%) og auglýsa betur að hjólreiðakeppni fari fram á þeim vegum sem eru lokaðir. Einhverjir nefndu að þetta væri sérstaklega mikilvægt með tilliti til rútbílstjóra.



Mynd 3: Þættir sem geta bætt aðstæður fyrir hjólreiðar í dreifbýli. Summa er meira en 100% þar sem svarendur máttu gefa fleira en eitt svar.

Einhverjir höfðu slasast í hjólreiðakeppnum og var algengast að hafa lent í samstuði við annað hjólreiðafólk. Sem rímar við það að helsta ástæðan fyrir slysi í hjólreiðakeppnum var að manneskjan hjólaði of nálægt næstu manneskju. Þetta kemur einnig heim og saman við það að að margir nefndu að einn þáttur sem mætti huga betur að í hjólreiðakeppnum væri að hafa strangari reglur um skiptingar, fylgdarbíla og ræsingu hjólreiðafólks.

Það eru miklir möguleikar á að auka öryggi hjólreiðafólks og þá sérstaklega með tilliti til viðhalds (hreinsun gatna/vega).